



191 Fartölvutrygging

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

1. Skilgreiningar og nánari afmörkun hins váttryggða.

- 1.1 Í skilmálum þessum hafa eftirtalin hugtök eftirfarandi merkingu:
 - a. hið tryggða, tölvubúnaður sem váttryggður á eða hefur gert samning um að kaupa,
 - b. félagið, TM tryggingar hf.,
 - c. váttryggingarsamningalög, lög um váttryggingarsamninga nr. (númer) 30/2004.
- 1.2 Nánar telst hinn váttryggði búnaður, sbr. (samanber) gr. (grein) 1.1 a., vera sá búnaður sem tilgreindur er í váttryggingarskírteini og er lýst í vörureikningi við kaup eða í váttryggingarbeiðni til félagsins.

2. Váttryggingarsvið.

- 2.1 Váttryggingin tekur til eðlilegrar hættu á skemmdum á búnaðinum sem stafar af notkun búnaðarins í námi, einkalífi, skrifstofuvinnu, léttum störfum, heimilishaldi og á ferðalögum, ásamt flutningi og meðhöndlun tengdum þessu.
- 2.2 Váttryggingin bætir tjón á búnaðinum sem verður vegna skyndilegra, ófyrirséðra, utanaðkomandi atvika, sem gerast án vilja váttryggðs og váttryggingartaka og ekki eru undanskilin annars staðar í váttryggingarsamningnum. Ef um innbrot er að ræða skulu vera greinileg merki þar um á innbrotssað.
- 2.3 Ekki er váttryggður eldri búnaður en fjögurra ára, og fellur bótaskylda félagsins því niður þegar fjögur ár eru liðin frá kaupum nýs búnaðar.

3. Takmarkanir á gildissviði váttryggingarinnar.

- 3.1 Váttryggingin bætir ekki:
 - a) skemmdir vegna ónógra eða lélegra umbúða, rispur og eðlilegt slit eða skemmdir á umbúðum og hlífðarbúnaði,
 - b) tjón af völdum hita- eða rakabreytinga,
 - c) tæknilegar bilanir, bilanir í dagsetningabúnaði eða hugbúnaði, gangtruflanir eða titring á skjámyndum,
 - d) töpuð eða skemmd gögn eða hugbúnað,
 - e) tjón vegna framleiðslugalla, efnisgalla eða rangra tenginga,
 - f) skemmdir á snúrum, hleðslutækjum eða tengjum,
 - g) bilanir vegna rangrar spennu,
 - h) tjón af völdum meindýra,
 - i) viðhald, tjón vegna skorts á viðhaldi eða af völdum meðhöndlunar sem framleiðandi varar við í fylgigögnum,
 - j) kostnað við bráðabirgðaviðgerðir án samráðs við félagið,
 - k) tjón sem seljandi búnaðarins eða viðgerðaraðili hefur valdið, svo og hver sá aðili, sem samkvæmt samningi eða lögum eða öðrum stjórnvaldsfyrirmælum, hefur með einhverjum hætti átt við búnaðinn,
 - l) tjón vegna eignaupptöku, kyrrsetningar og svipaðra aðgerða opinberra aðila,
 - m) tjón af völdum styrjalda, uppreisnar, óeirða eða verkfalla,
 - n) tjón sem verður þegar hið váttryggða er mislagt, gleymist, týnist eða er skilið eftir á almannafæri og
 - o) tjón af völdum þjófnaðar, sem ekki telst innbrot, úr ólæstu húsnæði, bílum og öðrum farartækjum.

4. Gildissvæði.

- 4.1 Váttryggingin gildir hvar sem er í heiminum.

5. Gildistími, endurnýjun og uppsögn.

- 5.1 Váttryggingin gildir fyrir það tímabil sem tilgreint er í váttryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun. Þegar tímabilinu lýkur framlengist váttryggingin um eitt ár í senn nema váttryggingartaki hafi sagt henni upp innan mánaðar frá því að félagið sendi tilkynningu um gjaldþaga hins nýja tímabils skv. (samkvæmt) gr. 6.1.



191 Fartölvutrygging

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

Ekki er þó skylt að tilkynna uppsögn fyrr en tvær vikur eru til loka tímabilsins. Sé váttryggingin hins vegar tekin vegna atvinnurekstrar og umfang rekstraraðila samsvarar fleiri en fimm ársverkum eða starfsemin fer að mestu leyti fram erlendis skal uppsögnin ávallt hafa borist félaginu í síðasta lagi einum mánuði fyrir lok tímabilsins. Váttryggingin endurnýjast þó ekki þegar fjögur ár eru liðin frá kaupum búnaðarins og fellur váttryggingin endanlega niður frá þeim tíma.

- 5.2 Nú hefur váttryggingaratburður orðið, sem leitt hefur til alvarlegs trúnaðarbrests milli félagsins og váttryggingartaka, eða áhættumat, sem er til grundvallar váttryggingunni og iðgjald miðast við, hefur gerbreyst, er félaginu þá heimilt að segja tryggingunni upp með tveggja mánaða fyrirvara. Verði þrjú bótaskyld tjón á 18 mánaða tímabili hefur félagið rétt til þess að segja váttryggingunni upp. Skrifleg uppsögn skal fara fram án ástæðulauss dráttar eftir að félaginu varð kunnugt um atvik sem veita því rétt til uppsagnar. Félaginu er skylt að endurgreiða hlutfallslega iðgjald fyrir þann tíma sem eftir er af váttryggingartímabilinu

6. Greiðsla iðgjalds.

- 6.1 Greiða skal fyrsta iðgjald þegar váttryggingin gengur í gildi og síðari iðgjöld á tilgreindum gjalddögum. Félagið sendir váttryggingartaka tilkynningu um greiðslu iðgjaldsins. Í tilkynningunni skal greiðslufrestur tilgreindur sérstaklega sem skal vera einn mánuður hið skemmsta frá þeim degi sem tilkynningin er send.
- 6.2 Sé iðgjald ekki greitt þegar greiðslufresti lýkur skv. 1. mgr. (málgrein) er félaginu heimilt að senda sérstaka aðvörun þar sem greiðslu er krafist innan 14 daga ella fellur váttryggingin niður sé iðgjaldið þá enn ógreitt.
- 6.3 Hafi váttryggingartaki ekki samið sérstaklega við félagið um greiðslu iðgjaldsins áður en frestur skv. 2. mgr. rennur út telst það ógreitt, ef það er ekki að fullu greitt þegar fresturinn er úti.
- 6.4 Krafa um greiðslu iðgjalds er send á heimilisfang váttryggingartaka sem tilgreint er í þjóðskrá nema hann hafi tilgreint annað heimilisfang sérstaklega. Breytingar á tilgreindu heimilisfangi skal þegar í stað tilkynna félaginu.
- 6.5 Falli váttrygging niður skv. 2. mgr. skal váttryggingartaki engu að síður greiða iðgjald fyrir það tímabil sem váttryggingin var í gildi. Reiknast þá iðgjaldið sem um skammtímatryggingu hafi verið að ræða.
- 6.6 Við innheimtu iðgjalds er félaginu heimilt að innheimta sérstakt gjald, sem nánar skal tilgreint í iðgjaldaskrá til að standa straum af kostnaði við innheimtu iðgjaldsins. Þess skal einnig getið sérstaklega í tilkynningu um greiðslu iðgjaldsins.

7. Iðgjaldsbreytingar.

- 7.1 Iðgjald fyrir váttrygginguna er reiknað eftir iðgjaldaskrá félagsins. Félagið áskilur sér rétt til að ákveða endurnýjunargjald samkvæmt nýrri iðgjaldaskrá með hliðsjón af almennri áhættubreytingu eða öðrum orsökum sem raska iðgjalda- eða bótagrundvelli. Slíkar breytingar veita ekki rétt til uppsagnar.

8. Uppsagnarréttur félagsins.

- 8.1 Nú hefur váttryggingaratburður orðið, sem leitt hefur til alvarlegs trúnaðarbrests milli félagsins og váttryggingartaka, eða áhættumat, sem er til grundvallar váttryggingunni og iðgjald miðast við, hefur gerbreyst, er félaginu þá heimilt að segja tryggingunni upp með tveggja mánaða fyrirvara. Skrifleg uppsögn skal fara fram án ástæðulauss dráttar eftir að félaginu varð kunnugt um atvik sem veita því rétt til uppsagnar. Félaginu er skylt að endurgreiða hlutfallslega iðgjald fyrir þann tíma sem eftir er af váttryggingartímabilinu.

9. Váttryggingarfjárhæð.

- 9.1 Váttryggingarfjárhæð skal vera sem næst sannvirði.

10. Váttrygging undir verði.

- 10.1 Sé váttryggingarfjárhæðin lægri en verðmæti hins váttryggða er ábyrgð félagsins aðeins hlutfallsleg eftir þeim mun sem er á váttryggingarfjárhæðinni og verðmæti hins váttryggða.



191 Fartölvutrygging

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

11. Vátryggingarfjárhæð eftir tjón.

11.1 Hafi tjón verið bætt, lækkar vátryggingarfjárhæðin um það sem bótunum nemur frá þeim degi er vátryggingaratburðurinn varð til loka vátryggingartímabilsins. Vátryggingartaki hefur þó rétt til að halda óbreyttri vátryggingarfjárhæð gegn því að greiða hlutfallslegt viðbótariðgjald.

12. Eigin áhætta.

12.1 Af hverju tjóni ber vátryggður 10% í eigin áhættu sem þó er að lágmarki upphæð sem nánar er tilgreind í vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun.

13. Tvítrygging.

13.1 Komi í ljós þegar tjón hefur orðið að í gildi er önnur vátrygging sem tekur til tjónsins, skal uppgjör bóta fara fram eftir því sem mælt er fyrir um í 37. gr. vátryggingarsamningalaga.

14. Aukin áhætta.

14.1 Allar breytingar á áhættu félagsins umfram það sem fram kemur í vátryggingarsamningnum og hafa í för með sér aukna hættu á tjónum, ber að tilkynna félaginu tafarlaust. Láti vátryggður hjá líða að tilkynna slíkar breytingar getur hann misst rétt til vátryggingarbóta eftir reglum vátryggingar-samningalaga.

15. Varúðarreglur.

15.1 Vátryggður skal gæta hins vátryggða búnaðar vel og gera eðlilegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir að hann skemmist eða glatist, en brot gegn þessu getur leitt til þess að ábyrgð félagsins falli niður í heild eða að hluta.

16. Ásetningur og gáleysi.

16.1. Valdi vátryggður tjóni af ásetningi ber félagið enga ábyrgð á tjóninu. Hafi hann valdið tjóninu af stórfelldu gáleysi er félagið laust úr ábyrgð í heild eða að hluta.

17. Svik og aðrar rangar upplýsingar.

17.1. Hafi vátryggingartaki við gerð eða endurnýjun vátryggingarsamnings sviksamlega eða með öðrum hætti vanrækt skyldu sína til að veita félaginu upplýsingar um atvik sem haft geta þýðingu fyrir mat þess á áhættunni og vátryggingaratburður hefur orðið fellur ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta, sbr. 20. gr. vátryggingarsamningalaga. Rangar og ófullnægjandi upplýsingar veita félaginu ennfremur rétt til að segja vátryggingunni upp, sbr. 21. gr. laganna.

17.2. Veiti vátryggður við uppgjör bóta af ásetningi rangar upplýsingar sem hann veit eða má vita að leiða til þess að hann fær greiddar bætur sem hann á ekki rétt til fellur bótaréttur hans niður og félagið getur sagt upp öllum vátryggingarsamningum sínum við vátryggðan eins og nánar greinir í 47. gr. vátryggingarsamningalaga.

18. Tilkynning um tjón.

18.1 Tjón skal tilkynna félaginu svo fljótt sem verða má. Vátryggður skal gera ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að sanna að vátryggingaratburðurinn hafi orðið, þ. á m. (þar á meðal) að tilkynna lögreglu um innbrotspjófnað.

18.2 Tjón sem verður á vátryggðum búnaði af völdum annarra, svo sem flutningsaðila, skal auk þess tilkynntur þeim aðilum og áskilnaður gerður um rétt til skaðabóta úr þeirra hendi.

18.3 Vanræksla á tilkynningarskyldu getur varðað lækkun eða missi bóta samkvæmt vátryggingarsamningalögum.



191 Fartölvutrygging

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

19. Ákvörðun bóta.

- 19.1 Bætur eru greiddar, að frádreginni eigin áhættu, fyrir vinnu og varahluti við lagfæringu búnaðarins þannig að hann komist í sama ástand og hann var í fyrir tjónið. Einnig er greiddur útlagður kostnaður við flutning búnaðarins til viðgerðar.
- 19.2 Þegar um altjón er að ræða fara bætur eftir aldri búnaðarins sem miðast við dagsetningu þess váttryggingarskírteinis, þegar váttryggingin var fyrst keypt, nema önnur dagsetning sé tilgreind sérstaklega í skírteininu. Miðast þá hámarksbætur við eftirfarandi töflu:

Aldur búnaðar		Hlutfall hámarksbóta af váttryggingarfjárhæð
Mánuðir frá	til	%
0	12	100 %
13	18	88 %
19	24	75%
25	30	62 %
31	36	50 %
37	42	38 %
43	48	25 %

- 19.3 Altjón kallast það þegar viðgerðarkostnaður er jafnhár eða hærri en hámarksbætur samkvæmt töflunni. Eigin áhætta kemur til frádráttar bótum sem þannig eru reiknaðar.
- 19.4 Reki váttryggður virðisaukaskattskylda starfsemi og getur talið virðisaukaskatt af kostnaði við endurbætur á hinu váttryggða til innskatts samkvæmt reglum laga um virðisaukaskatt skal váttryggingarverðmæti þess lækka sem innskattinum nemur. Að sömu skilyrðum fullnægðum skal og lækka bætur sem innskattinum nemur, þegar bætur eru greiddar fyrir viðgerð á hlut.

20. Greiðsla bóta og vextir.

- 20.1 Krefjast má greiðslu bóta 14 dögum eftir að félagið átti þess kost að afla þeirra upplýsinga sem þörf var á til að meta váttryggingarþurfi og ákveða fjárhæð bóta. Váttryggður á rétt á vöxtum af kröfu sinni skv. 50. gr. váttryggingarsamningalaga.

21. Verðtrygging.

- 21.1 Váttryggingarfjárhæðir og aðrar fjárhæðir sem tilgreindar eru í váttryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun til afmörkunar á ábyrgð félagsins breytast einu sinni á ári við upphaf váttryggingartímabils í hlutfalli við breytingar á vísitölu neysliverðs til verðtryggingar.

22. Lög um váttryggingarsamninga.

- 22.1 Að öðru leyti en kveðið er á um í skilmálum þessum, váttryggingarskírteini eða öðrum gögnum sem váttryggingarsamningurinn byggir á gilda um hann lög nr. (númer) 30/2004 um váttryggingarsamninga.

23. Meðferð ágreiningsmála og varnarþing.

- 23.1 Ágreiningi varðandi váttryggingarsamning og bótaskyldu félagsins að öðru leyti má skjóta til úrskurðarnefndar í váttryggingamálum. Upplýsingar um nefndina og starfshætti hennar má fá hjá félaginu.
- 23.2 Þrátt fyrir úrræði skv. 1. mgr. er aðilum heimilt að leggja ágreininginn fyrir dómstóla. Slík mál, svo og önnur mál sem rísa út af váttryggingu þessari, skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Félaginu er þó heimilt að höfða mál út af váttryggingunni á heimilisvarnarþingi váttryggingataka.
- 23.3 Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík.



191 Fartölvutrygging

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

Skráning í tjonagrunn Creditinfo Lánstrausts hf.

Tjón sem tilkynnt eru til vátryggingafélaga eru skráð í sérstakan tjonagrunn sem rekinn er af Creditinfo Lánstrausts hf. samkvæmt samningi við Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) sem félagið á aðild að og samkvæmt heimild Persónuverndar. Félagið telst ábyrgðaraðili í skilningi persónuverndarlaga nr. 90/2018 vegna skráningar þess á upplýsingum í grunninn og uppflettingum sem framkvæmdar eru á vegum þess. Tilgangur með skráningu í tjonagrunninn er að stemma stigu við vátryggingarsvikum og ofgreiðslu vátryggingabóta. Skráðar eru upplýsingar um kennitölu tjonþola, tjonnsúmer, tegund vátryggingar og tjonns, dagsetning tjonns og skráningar, staðsetning tjonns og eftir atvikum einkvæmt númer hins vátryggða, s.s. skráningarnúmer ökutækis. Við skráningu tjonns fær félagið yfirlit yfir öll tjon sem tjonþoli hefur tilkynnt óháð félagi og skráð hafa verið í tjonagrunninn. Eingöngu starfsmenn félagsins sem skrá tjon og vinna að tjonauppgjöri hafa aðgang að tjonagrunninum. Upplýsingum skal eytt úr tjonagrunni þegar þeirra gerist ekki lengur þörf í þágu tilgangs vinnslunnar, í síðasta lagi þegar 10 ár eru frá skráningu upplýsinganna.

Skilmálar þessir gilda frá 15. janúar 2019.